



Alþingi
Erindi nr. P 141/253
komudagur 30.10.2012

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 30. október 2012
1210033 KÁ

Efni: Umsögn um frv. til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Með tölvubréfi sem sent var 19. október 2012 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni um frv. til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Jafnréttisstofa fagnar því sérstaklega að til standi að lögfesta samninginn, sem jafnan er kallaður barnasáttmáli SP, hér á landi og þó fyrr hefði verið. Sáttmálinn mun styrkja stöðu barna og ýta undir hugarfarsbreytingu hvað varðar vernd barna til 18 ára aldurs og að hlustað verði á börn bæði hvað varðar lífsskilyrði þeirra og afstöðu þeirra til samfélagsmála. Jafnframt undirstrikar hann þá skyldu ríkisins að búa sem best að börnum og tryggja mannréttindi þeirra.

Á kvennaráðstefnu SP í Kína árið 1995 var samþykktur svokallaður Pekingsáttmáli. Í honum er að finna sérstakan kafla um stúlkubarnið (e. the girl-child). Því miður er það svo í flestum ríkjum heims að stúlkur njóta mun minni réttinda en drengir og er stórlega mismunað. Sú mismunun nær allt frá eyðingu kvenkynsfóstra í móðurkviði til þvingaðra hjónabanda, menntunarskorts, þrælkunar og kynferðislegrar misnotkunar. Þótt Ísland standi sig hvað best ríkja í heiminum hvað varðar jafnrétti kynjanna erum við ekki laus við mismunun, hvort sem um ræðir börn eða fullorðna. Má þar t.d. minna á nýlega umræðu um stöðu kynjanna innan íþróttá.

Með lögfestingu barnasáttmálans er undirstrikað að ekki má mismuna börnum hvorki vegna kyns né annars þess sem talið er upp í 2. gr. samningsins. Samningurinn mun því ýta undir jafnrétti kynjanna og verða jafnréttisstarfi, t.d. í skólum til góðs. Það ber þó að nefna að barnasáttmáli SP er barn síns tíma. Þar er hvergi minnst á mismunandi kynhneigð eða transgender sem vissulega kemur í ljós á barns- og unglingsaldri. Slíkt er enn mjög viðkvæmt mál víða um heim og telst jafnvel til glæpsamlegrar hegðunar. Jafnréttisstofa telur rétt að minna á þennan þátt sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins en getur haft mikil áhrif á lífsskilyrði og líðan barna ef ekki er haldið rétt á málum. Lagt er til að minnt verði á mismunandi kynhneigð í nefndarátliti til að undirstrika réttindi þess hóps barna sem það á við um.

Með lögfestingu barnasáttmála SP er ekki aðeins verið að styrkja stöðu allra barna á Íslandi, heldur sendir Alþingi þar með skilaboð út í heim um mikilvægi þessa samnings sem styrkir




Jafnréttisstofa

hann þar með í sessi á heimsvísu. Lögfesting samningsins hér á landi er hvatning til annarra ríkja um að gera slíkt hið sama.

Lögfestingin mun gera okkur betur í stakk búin að styðja mannréttindabaráttu barna um allan heim og auðvelda fulltrúum Íslands í alþjóðastofnunum, í friðargæslu og víðar að beita sér gegn hvers kyns skaðlegum hefðum og hegðun sem bitnar á börnum, svo sem limlestingum á kynfærum stúlkubarna, barnagiftingum, þvinguðum giftingum, kynferðislegri misnotkun, barnavændi, barnaklámi og fleiru sem því miður einkennir líf stúlkna og sumstaðar drengja í allt of mörgum löndum. Þá má minna á drengi sem neyddir eru til hermennsku og manndrápa sem og hvers kyns þrælkun á börnum. Í þessu samhengi má einnig nefna umskurð á drengjum sem enn er tabú sem ekki má nefna og reitir ákveðna trúarhópa til reiði þótt vitað sé að þessari aldagömlu hefð fylgir ákveðin hættu að ekki sé minnst á þann sársauka sem barnið upplifir. Það er því af nógu að taka við að rétta hlut barna í heiminum.

Samþykkt samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verður Íslendingum til sóma og því hvetur Jafnréttisstofa Alþingi til að setja þetta mál í algjöran forgang á þessu 141. þingi.

Virðingarfyllst,


Kristín Astgeirsdóttir
framkvæmdastýra